



## Bráðabirgðaniðurstöður úr ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2008 (A- og B-hluti)

### 1. Inngangur

Bráðabirgðaniðurstöður úr ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2008 liggja nú fyrir. Þær eru birtar fyrr á árinu en undanfarin ár. Vegna hins óvenjulega ástands sem hefur ríkt undanfarin misseri var lögð á það mikil áhersla af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga að birta niðurstöður ársreikninga sveitarfélaganna eins fljótt og mögulegt væri. Þrátt fyrir ákvæði sveitarstjórnarlaga um að afgreiðslu ársreikninga skuli lokið fyrir lok maímánaðar ár hvert, þá hafa ekki öll sveitarfélög lokið afgreiðslu ársreiknings fyrir árið 2008. Hér eru því birtar niðurstöður úr ársreikningum sveitarfélaga sem hafa rúm 88% íbúanna innan sinna raða. Sú niðurstaða gefur mjög marktæka niðurstöðu fyrir sveitarfélögin í heild sinni enda þótt smávægilegar breytingar geti átt sér stað á heildaruppgjöri þegar niðurstöður frá öllum sveitarfélögum í landinu liggja fyrir. Sveitarfélögunum er eins og áður skipt upp í fjóra

flokka til frekari skýringar. Þeir eru 1) Reykjavíkurborg, 2) Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, 3) Vaxtarsvæði og 4) Önnur sveitarfélög. Þar sem ekki liggja fyrir niðurstöður frá öllum sveitarfélögum innan hvers flokks eru niðurstöður flokksins blásnar hlutfallslega upp. Þannig minnkar möguleg skekkja þegar niðurstöður eru færðar upp fyrir heildina.

Hér á eftir eru birtar bráðabirgðaniðurstöður úr ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2008, bæði fyrir A-hluta og B-hluta. Einnig eru niðurstöður fyrir árið 2007 birtar til skýringar. A-hluti í rekstri sveitarfélaga eru þau verkefni sem fjármögnuð eru að mestu leyti með skatttekjum. Það eru fræðslumál, félagsþjónusta, umhverfismál, æskulýðs- og íþróttastarfsemi og skipulagsmál svo dæmi séu nefnd. Undir B hlutann fellur sú starfsemi sem yfirleitt er að mestu leyti fjármögnuð með þjónustugjöldum. Þar má nefna rekstur hafna, veitustarfsemi og rekstur félagslegs húsnæðis.

Tafla 1. Skil ársreikninga

	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar- svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals
Íbúafjöldi	119.848	81.737	72.276	45.895	319.756
Hlutfall íbúa	100,0%	99,8%	87,9%	37,9%	88,3%

### Bls. 2



Glögg kemur fram í niðurstöðum úr rekstri sveitarfélaganna fyrir árið 2008 hvílkur viðsnúningur hefur orðið á rekstri þeirra frá árinu 2007.

### Bls. 3



Áhrif hruns krónunnar og mikillar verðbólgu koma glögg fram í efnahagsreikningi í hækkun áhvílandi lána.

### Bls. 5



Sveitarfélögin verða að leita allra leiða sem færar eru til að láta enda ná saman í rekstri sínum.

Í þremur fyrstu flokkunum er staðan á skilum ársreikninga góð en slök í síðasta flokknum (önnur sveitarfélög). Íbúafjöldinn þar er á hinn bóginn hlutfallslega lítill hluti af heildinni þannig að það hefur ekki veruleg áhrif á heildarniðurstöðuna. Í heildina tekið hafa sveitarfélög með rúm 88,0% íbúanna skilað niðurstöðum fyrir árið 2008 og er farið yfir helstu niðurstöður þeirra hér á eftir.

## 2. Niðurstöður fyrir A-hluta í rekstri sveitarfélaga

Í töflu 2 kemur fram yfirlit um niðurstöður úr rekstrarreikningi A-hluta sveitarfélaga fyrir árið 2008. Þær eru bæði settar fram fyrir einstaka flokka og síðan fyrir heildina. Til samanburðar eru einnig gefnar upp heildarniðurstöður úr rekstri A- og B-hluta sveitarfélaga fyrir árið 2007.

Glöggt kemur fram í niðurstöðum úr rekstri sveitarfélaganna fyrir árið 2008 hvílikur viðsnúningur hefur orðið á rekstri þeirra frá árinu 2007. Heildartekjur sveitarfélaganna á árinu 2008 voru 166,4 ma.kr. samanborið við 162,9 ma.kr. á árinu 2007. Það er hækkun upp á 2,1% milli ára.

Til samanburðar þá hækkaði meðalvísitala neysluverðs um 12,4% milli árana 2007 og 2008. Á sama tíma var rekstrarkostnaður sveitarfélaganna 166,8 ma.kr. en var 143,6 ma.kr. á árinu 2007. Það er hækkun upp á 16,1% milli ára. Framlegð úr rekstri sveitarfélaganna var 9,7 ma.kr. á árinu 2008 samanborið við 28,8 ma.kr. á árinu 2007. Bæði þessi ár hafa nokkra sérstöðu. Á árinu 2007 reis verðbóljan á fasteignamarkaði sem hæst og sveitarfélögin höfðu miklar tekjur, m.a. af sölu byggingarréttar. Á árinu 2008 kemur bakslagið fram. Sveitarfélögin þurftu þá meðal annars að endurgreiða háar fjárhæðir vegna þess að lóðum var skilað í miklum mæli. Tekjufall er einnig töluvert samhliða því sem rekstrarkostnaður sveitarfélaganna eykst verulega frá fyrra ári. Verðbólga jókst mikið á árinu 2008 sem kom meðal annars fram í auknum rekstrarkostnaði sveitarfélaganna.

Framlegð af rekstri A-hluta dregst verulega saman eða um 2/3. Hún var tæpir 29,0 ma.kr. á árinu 2007 en er 9,7 ma.kr. á árinu 2008. Framlegð sem hlutfall af tekjum var lægst á vaxtarsvæðum eða 2,1% en hæst hjá öðrum sveitarfélögum þar sem hún er 10,4%. Að jafnaði var hún 5,8% á árinu 2008 samanborið við 17,7% á árinu 2007.

Tafla 2. Rekstrarreikningur árið 2008 (m.kr.)

	Reykjavík	Höfuðbsv. án Reykjavíkur	Vaxtar-svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2008	Samtals 2007
Skatttekjur án jöfnunarsjóðs	50.873	33.088	25.279	14.913	124.154	111.918
Framlag jöfnunarsjóðs	0	1.451	4.461	8.398	14.311	15.868
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	7.923	6.396	7.843	5.778	27.942	35.172
<b>Tekjur</b>	<b>58.797</b>	<b>40.936</b>	<b>37.583</b>	<b>29.090</b>	<b>166.407</b>	<b>162.959</b>
Laun og launatengd gjöld	28.833	19.406	19.180	13.694	81.116	72.493
Annar rekstrarkostnaður	27.043	18.576	17.603	12.379	75.604	61.661
<b>Framlegð (tekjur - breytíl. kostn)</b>	<b>2.919</b>	<b>2.952</b>	<b>798</b>	<b>3.016</b>	<b>9.687</b>	<b>28.803</b>
Breyting lífeyrisskuldb.	-1.135	2.256	1.546	1.344	4.012	3.535
Afskriftir	2.024	1.793	1.437	814	6.070	5.918
<b>Gjöld</b>	<b>56.766</b>	<b>42.033</b>	<b>39.769</b>	<b>28.233</b>	<b>166.803</b>	<b>143.610</b>
<b>Framlegð % af tekjum</b>	<b>5,0%</b>	<b>7,2%</b>	<b>2,1%</b>	<b>10,4%</b>	<b>5,8%</b>	<b>17,7%</b>
<b>Niðurstaða án fjárm.l.og óregl.l.</b>	2.030	-1.097	-2.185	856	-395	19.349

**Tafla 3. Fjármagnsliðir og rekstrarniðurstaða (m.kr.)**

	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar- svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2008	Samtals 2007
Niðurstaða án fjárm.l.og óregl.l.	2.030	-1.097	-2.185	856	-395	19.349
Fjármunatekj. og (fjármagnsgj.)	296	-7.876	-7.970	-1.215	-16.766	3.876
Óreglulegir liðir	0	-2.307	-73	-70	-2.451	25.350
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>2.326</b>	<b>-11.281</b>	<b>-10.229</b>	<b>-429</b>	<b>-19.614</b>	<b>48.576</b>

Áhrif hruns krónunnar og mikillar verðbólgu hefur mikil áhrif á fjármagnsliði. Á árinu 2007 var útkoma úr fjármagnsliðum jákvæð um 3,9 ma.kr. en á árinu 2008 var hún neikvæð um 16,8 ma.kr. Það er mismunur fjármagnstekna annars vegar og fjármagnsgjalda hins vegar. Verulegur hluti þessa eru áhrif af breytingum á lánnum sem eru í erlendri mynt. Meðan gengisvísitala íslensku krónunnar er svo há sem raun ber vitni þá gengur þessi breyting ekki til baka.

Rekstrarniðurstaða ársins 2008 er neikvæð um 19,6 ma.kr. Á árinu 2007 var hún jákvæð um 48,6 ma.kr. Það er viðsnúningur um 68,0 ma.kr. Afkoman er lökust hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur og á vaxtarsvæðum. Afkoma Reykjavíkurborgar er jákvæð um 2,3 ma.kr. og sveitarfélög í flokknum „Önnur sveitarfélög“ eru rekin samanlagt með halla upp á rúmar 400 m.kr.

**Tafla 4. Efnahagsreikningur (m.kr.)**

	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar- svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2008	Samtals 2007
Varanlegir rekstrarfjármunir	62.165	65.102	41.119	21.245	189.631	157.779
Áhættufjármunir og langtímakröfur	9.794	14.619	23.461	12.298	60.172	56.538
<b>Fastafjármunir</b>	<b>71.959</b>	<b>79.721</b>	<b>64.581</b>	<b>33.543</b>	<b>249.803</b>	<b>214.317</b>
Veltufjármunir	20.178	20.213	19.157	23.459	83.007	81.827
<b>Eignir</b>	<b>92.138</b>	<b>99.934</b>	<b>83.738</b>	<b>57.002</b>	<b>332.810</b>	<b>296.144</b>
Eigið fé	60.471	23.364	25.801	27.045	136.680	160.520
Skuldbindingar	11.881	11.245	9.622	10.930	43.677	37.556
Langtímaskuldir	8.174	47.051	37.259	13.609	106.092	57.925
Skammtímaskuldir	11.613	18.274	11.056	5.418	46.361	40.144
<b>Skuldir án skuldbindinga</b>	<b>19.786</b>	<b>65.324</b>	<b>48.315</b>	<b>19.027</b>	<b>152.453</b>	<b>98.069</b>
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>	<b>31.667</b>	<b>76.570</b>	<b>57.937</b>	<b>29.957</b>	<b>196.130</b>	<b>135.625</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>92.138</b>	<b>99.934</b>	<b>83.738</b>	<b>57.002</b>	<b>332.810</b>	<b>296.144</b>

Áhrif hruns krónunnar og mikillar verðbólgu koma glöggt fram í efnahagsreikningi í hækkun áhvílandi lána. Skammtímaskuldir hækkuðu úr 40,1 ma.kr. á árinu 2007 upp í 46,4 ma.kr. á árinu 2008. Á sama tíma hækkuðu langtímaskuldir úr 57,9 ma.kr. á árinu 2007 upp í 106,1 ma.kr. á árinu 2008. Það er hækkun um 83,0%. Til viðbótar er rétt að geta þess að skuldbindingar utan efnahags eru um 42 ma.kr. Þá er búið að núvirða samningsfjárhæðir þannig að niðurstaðan er sambærileg höfuðstól lána í efnahagsreikningi.



Tafla 5. Sjóðstreymi (m.kr.)

	Reykjavík	Höfuðbsv. án Reykjavíkur	Vaxtar- svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2008	Samtals 2007
Veltufé frá rekstri	6.448	2.070	1.249	4.731	14.498	21.814
Handbært fé frá rekstri	6.153	6.408	317	3.726	16.604	21.382
Veltufé frá rekstri % af tekjum	11,0%	5,1%	3,3%	16,3%	8,7%	13,4%
Veltufé frá rekstri % af skuldum	32,6%	3,2%	2,6%	24,9%	9,5%	22,2%
Fjárfestingarhreyfingar	-8.334	-21.816	-7.260	-2.927	-40.337	35.268
Fjármögnunarhreyfingar	-1.577	14.953	6.063	-2.208	17.231	-26.115
<b>Hækkun/lækkun á handbæru fé</b>	<b>-3.757</b>	<b>-455</b>	<b>-880</b>	<b>-1.410</b>	<b>-6.503</b>	<b>30.535</b>

Veltufé frá rekstri lækkaði milli ára um 1/3 í krónutölu eða úr 21,8 ma.kr. í 14,5 ma.kr. Þá er ekki tekið tillit til verðbólgu. Vísitala neysliverðs hækkaði að meðaltali um 12,4% milli árána 2007 og 2008. Það þýðir að sveitarfélögin hafa minna fjármagn sem nemur samdrætti í veltufé frá rekstri til að standa undir afborgunum lána og til að fjármagna nýjar fjárfestingar. Þegar hlutfall veltufjár frá rekstri er borið saman við tekjur sveitarfélaganna eftir flokkum kemur í ljós að staðan er verst á vaxtarsvæðum þar sem veltuféð er 3,3% af tekjum. „Önnur sveitarfélög“ hafa

hæst hlutfall veltufjár af heildartekjum eða 16,3%. Þegar veltufé frá rekstri er sett upp sem hlutfall af heildarskuldum þá kemur í ljós að staðan er mjög misjöfn milli einstakra flokka. Staðan er best hjá Reykjavíkurborg en þar er veltufé frá rekstri um 1/3 af heildarskuldum. Staðan er aftur á móti lökust hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkurborgar og á vaxtarsvæðum en þar er veltufé frá rekstri nálægt 3,0% í báðum tilvikum. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af skuldum hefur lækkað úr 22,0% á árinu 2007 niður í 9,5% á árinu 2008 þegar öll sveitarfélög eru tekin saman.

Tafla 6. Rekstrarreikningur (m.kr.)

	Reykjavík	Höfuðbsv. án Reykjavíkur	Vaxtar- svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2008	Samtals 2007
<b>Tekjur</b>	30.618	3.409	8.681	5.399	48.107	40.537
Laun og launatengd gjöld	8.007	245	2.526	1.612	12.389	10.497
Annar rekstrarkostnaður	7.719	862	2.602	1.684	12.867	9.946
<b>Framlegð (tekjur - breyttil. kostn)</b>	14.892	2.302	3.553	2.104	22.851	20.094
Breyting lífeyrisskuldb.	140	71	116	80	406	136
Afskriftir	8.669	896	1.242	1.205	12.012	10.043
<b>Gjöld</b>	24.535	2.073	6.486	4.580	37.674	30.621
<b>Framlegð % af tekjum</b>	48,6%	67,5%	40,9%	39,0%	47,5%	49,6%

### 3. Niðurstöður fyrir B-hluta sveitarfélaga

Hér á eftir er birt yfirlit um helstu niðurstöður úr rekstri B-hlutans í starfsemi sveitarfélaga. Niðurstöður eru birtar fyrir B-hlutann í heild sinni en ekki fyrir einstakar tegundir B-hluta fyrirtækja. Ekki hefur unnist tími til að taka saman yfirlit um hvern hluta fyrir sig. B-hluti í rekstri sveitarfélaga eru þau fyrirtæki sem rekin eru fyrir þjónustugjöld að langmestu leyti. Þar er fyrst og fremst um

að ræða hafnir, veitustofnanir (vatnsveitur, hitaveitur og fráveitur) og félagslegt íbúðarhúsnæði.

Í töflu 6 kemur fram að rekstur B-hluta fyrirtækja var álíka á árinu 2008 og hann var á árinu 2007. Í rekstri B-hlutans voru ekki viðlíka sveiflur milli ára eins og koma fram í rekstri A-hlutans. Tekjur B-hlutans hækka um 18,7% milli ára og gjöldin um 23,0%. Framlegð var yfirleitt mikil af rekstri B-hluta fyrirtækja í heildina tekið. Á árinu 2008 var hún 47,5% samanborið við 49,6% á árinu 2007.

Tafla 7. Fjármagnsliðir og rekstrarniðurstaða (m.kr.)

	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar- svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2008	Samtals 2007
Niðurstaða án fjárm.l.og óregl.l.	6.083	1.336	2.195	820	10.433	9.916
Fjármunatekj. og (fjármagnsgj.)	-100.080	-5.172	-12.643	-5.419	-123.314	-2.974
Óreglulegir liðir	20.174	-12	187	360	20.710	-12.012
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-73.823</b>	<b>-3.848</b>	<b>-10.261</b>	<b>-4.240</b>	<b>-92.172</b>	<b>-5.070</b>

Áhrifin af hrúni krónunnar eru mikil á fjármagnsliði B-hluta fyrirtækja. Þar er Orkuveita Reykjavíkur fyrirferðarmest. Fjármagnsgjöld B-hluta fyrirtækja Reykjavíkur voru neikvæð um 100,0 ma.kr. Samtals eru


fjármagnsliðir allra B-hluta fyrirtækja á landinu neikvæðir um 123,0 ma.kr. samanborið við tæpa 3,0 ma.kr. á árinu 2007. Heildarniðurstaðan úr rekstri B-hluta fyrirtækja var neikvæð um 92,0 ma.kr. samanborið við að hún var neikvæð um rúma 5,0 ma.kr. á árinu 2007.

Tafla 8. Efnahagsreikningur (m. kr.)

	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar- svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2008	Samtals 2007
Varanlegir rekstrarfjármunir	268.588	25.380	25.648	23.728	343.343	262.292
Áhættufjármunir og langtímakröfur	18.886	-9.982	-168	-4.540	4.196	3.395
<b>Fastafjármunir</b>	<b>287.474</b>	<b>15.398</b>	<b>25.480</b>	<b>19.187</b>	<b>347.539</b>	<b>265.688</b>
Veltufjármunir	8.958	-1.307	-555	-5.517	1.579	6.721
<b>Eignir</b>	<b>296.432</b>	<b>14.091</b>	<b>24.925</b>	<b>13.671</b>	<b>349.118</b>	<b>272.409</b>
Eigið fé	55.854	1.139	-482	-4.736	51.775	107.254
Skuldbindingar	916	184	912	989	3.001	6.901
Langtímaskuldir	223.266	12.691	21.743	15.882	273.582	143.112
Skammttímaskuldir	16.396	77	2.752	1.535	20.760	15.142
<b>Skuldir án skuldbindinga</b>	<b>239.662</b>	<b>12.768</b>	<b>24.495</b>	<b>17.417</b>	<b>294.342</b>	<b>158.254</b>
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>	<b>240.578</b>	<b>12.952</b>	<b>25.406</b>	<b>18.407</b>	<b>297.343</b>	<b>165.155</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>296.432</b>	<b>14.091</b>	<b>24.925</b>	<b>13.671</b>	<b>349.118</b>	<b>272.409</b>

Efnahagsreikningur B-hlutans ber glögg merki þeirra efnahagsþrenginga sem samfélagið hefur lent í. Eigið fé B-hluta fyrirtækja hefur lækkað um rúman helming þrátt fyrir að verðmæti eigna hafi hækkað um 30%. Langtímaskuldir

hafa hækkað um nær helming eða úr 143,0 ma.kr. í 273,0 ma.kr. Alls hafa skuldir B-hluta fyrirtækja hækkað úr 158,0 ma.kr. upp í 294,0 ma.kr. Eiginfjárlutfall B-hlutans hefur lækkað úr 39,0% árið 2007 í tæp 15,0% á árinu 2008.



Tafla 9. Sjóðsstreymi (m. kr.)

	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar- svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2008	Samtals 2007
Veltufé frá rekstri	8.753	1.533	1.908	628	12.822	13.628
Handbært fé frá rekstri	8.472	1.406	2.228	673	12.778	10.072
Veltufé frá rekstri % af tekjum	28,6%	45,0%	22,0%	11,6%	26,7%	33,6%
Veltufé frá rekstri % af skuldum	3,7%	12,0%	7,8%	3,6%	4,4%	8,6%

Veltufé sem hlutfall af tekjum er mjög ásættanlegt hjá B-hlutanum. Það hefur ekki lækkað mikið frá fyrra ári sem segir að reksturinn er í ágætu jafnvægi. Þegar veltufé frá rekstri er reiknað út sem hlutfall af skuldum þá kemur annað í ljós. Á landsvísu var veltufé frá rekstri rúm 4,0% af heildarskuldum og hefur lækkað úr tæpum 9,0% á árinu 2007. Þar koma fram hin gríðarlegu áhrif gengisfalls krónunnar sem hefur hækkað erlend lán mjög mikið. Ekki er útlit fyrir miklar breytingar á gengi krónunnar á næstu mánuðum samkvæmt vorskýrslu fjármálaráðuneytisins þannig að þessi staða kemur ekki til með að breytast mikið á yfirstandandi ári.

Tafla 10. Samandregið yfirlit yfir árin 2007-2009

Sveitarsjóðir A-hluti	Ársreikningar 2007		Ársreikningar 2008		Breytingar milli ára		Fjárhagsáætlanir 2) 2009		Breytingar milli ára	
	Ársreikningar 2007	Hlutfall af tekjum	Áætluð 1) niðurst. 2008	Hlutfall af tekjum	Fjárhæðir	Hlutfalls- breyting	Áætlanir 2009	Hlutfall af tekjum	Breyting milli ára	Hlutfalls- breyting
Skatttekjur	111,9	69%	124,2	75%	12,3	11%	121,5	75%	-2,7	-2%
Framlög jöfnunarsjóðs	15,9	10%	14,3	9%	-1,6	-10%	14,3	9%	0	0%
Þjónustutekjur	35,2	22%	27,9	17%	-7,3	-21%	27,0	17%	-0,9	-3%
<b>Tekjur</b>	<b>163,0</b>	<b>100%</b>	<b>166,4</b>	<b>100%</b>	<b>3,4</b>	<b>2%</b>	<b>162,8</b>	<b>100%</b>	<b>-3,6</b>	<b>-2%</b>
Laun og launatengd gjöld	72,5	44%	81,1	49%	8,6	12%	85,0	52%	3,9	5%
Annar rekstrarkostnaður	61,7	38%	75,6	45%	13,9	23%	67,8	42%	-7,8	-10%
Samtals rekstrargjöld	134,2	82%	156,7	94%	22,5	17%	152,8	94%	-3,9	-2%
<b>Framlegð</b>	<b>28,8</b>	<b>18%</b>	<b>9,7</b>	<b>6%</b>	<b>-19,1</b>	<b>-66%</b>	<b>10,0</b>	<b>6%</b>	<b>0,3</b>	<b>3%</b>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	3,9	2%	-16,8	-10%	-20,7	-531%	1,6	1%	18,4	-110%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>32,7</b>	<b>20%</b>	<b>-7,1</b>	<b>-4%</b>	<b>-39,8</b>	<b>-122%</b>	<b>11,6</b>	<b>7%</b>	<b>18,7</b>	<b>-263%</b>
Afskriftir	-5,9	-4%	-6,1	-4%	-0,2	3%	-6,9	-4%	-0,8	13%
Breyting lífseyrisskuldbindinga	-3,5	-2%	-4,0	-2%	-0,5	14%	-3,4	-2%	0,6	-15%
Óreglulegir liðir	25,3	16%	-2,5	-2%	-27,8	-110%	-2,8	-2%	-0,3	12%
<b>Niðurstaða rekstrarreiknings</b>	<b>48,6</b>	<b>30%</b>	<b>-19,7</b>	<b>-12%</b>	<b>-68,3</b>	<b>-141%</b>	<b>-1,5</b>	<b>-1%</b>	<b>18,2</b>	<b>-92%</b>

1) Niðurstöður úr ársreikningum sveitarfélaga sem ná til um 88% íbúa eru uppreiknaðar fyrir allt landið.

2) Upphaflegar fjárhagsáætlanir ársins sem verða endurskoðaðar hjá flestum sveitarfélögum.



**Samband íslenskra  
sveitarfélaga**

Borgartúni 30, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík

Sími: 515 4900, Fax: 515 4903

www.samband.is samband@samband.is

© Samband íslenskra sveitarfélaga 2009/9